

S A M Þ Y K K T

29

16. febr.

um sveitarstjóra í Eskifjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfræstur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 19/1951, um sveitarstjóra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1961.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.